



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Íris Stefánsdóttir  
Fjallabyggð  
Gránugötu 24  
580 Siglufirði

fimmtudagur, 27. maí 2021  
MÍ202104-0077/ 6.09 / S.G.

## Umsögn Minjastofnunar um breytingu á deiliskipulagi útivistarsvæðis í Hóls- og Skarðsdal, Fjallabyggð

Með tölvupósti sendum 15. maí 2021 óskaði skipulags- og tæknifulltrúi Fjallabyggðar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um breytingu á deiliskipulagi útivistarsvæðis í Hóls- og Skarðsdal í Fjallabyggð. Breytingarsvæðið afmarkast af námu við enda bílastæðis sem áætlað er á skíðasvæðinu í Skarðsdal. Breytingin felur í sér að staðsett er ný náma á framkvæmdasvæði þar sem verið er að koma fyrir nýrri aðkomu á skíðasvæðið í Skarðsdal.

Fornleifaskráning hefur verið gerð á svæðinu sem uppfyllir þó ekki staðla Minjastofnunar (Birna Lárusdóttir [ritstj] Fornleifaskráning í Hvanneyrarhreppi II: Minjar í Siglufirði (sunnan Siglufjarðarbæjar og austan fjarðar), Héðinsfirði og Hvanndölum FS391-04042 Fornleifastofnun Íslands). Engar skráðar minjar eru á ofangreindum skipulagsreit.

Minjavörður þarf að kanna svæðið á vettvangi til að meta hvort vettvangskönnun nægi til grundvallar leyfisveitingar eða hvort afla þurfi frekari gagna með skráningu á vettvangi. Vegna snjóa hefur ekki reynst mögulegt að taka svæðið út. Fulltrúar sveitarfélagsins hafa óskað eftir því að fá að ganga frá skipulaginu með þeim fyrirvara að skráningu sé ólokið. Í ljós aðstæðna mun Minjastofnun fallast á að gengið sé frá skipulaginu að svo stöddu en með ákveðnum skilyrðum. Minjastofnun gerir þá kröfu að það komi skýrt fram í greinargerðinni að klára þurfi vettvangskönnun stofnunarinnar áður en framkvæmdir hefjast. Niðurstaða vettvangskönnunarinnar getur leitt til þess að gera þurfi breytingar á deiliskipulaginu eða að bregðast þurfi við með mótvægisáðgerðum vegna minja innan svæðisins en í 21. gr. laga um menningarminjar segir: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Minjavörður Norðurlands  
eystra

Borgum v/Norðurslóð  
600 Akureyri

(354) 570 13 15  
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

**Sædis Gunnarsdóttir**  
Minjavörður Norðurlands  
eystra  
saedis@minjastofnun.is

Minjavörður mun kanna svæðið á vettvangi þegar snjóa leysi og taka skipulagið þá aftur til umsagnar.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir  
Minjavörður Norðurlands eystra

*Afrit sent:* Skipulagsstofnun